

Mál nr. 337/2020**M og
V v/ ábyrgðartryggingar strætisvangs.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla sem kona kveðst hafa hlotið í strætisvagni.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 21.10.2020, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt tjonstilkynningu, dags. 19. september 2019, til V, ábyrgðartryggjanda strætisvagna í eigu A kveðst M hafa hinn 20. september 2018 við tiltekna biðstöð strætisvagna fallið á súlu í strætisvagni í eigu A og brotið tennur. Síðan hafi hún fallið út úr vagninum og hlotið áverka á höndum, hnjám og öxlum. Í málskoti er atvikum lýst nánar svo að umræddan dag, er vagninn hafi komið að biðstöð við heimili M hafi hún staðið upp í vagninum og ætlað að ganga að útgöngudyrum. Hafi vagnstjórinn þá hemlað harkalega með þeim afleiðingum að hún hafi fallið við og skollið með andlitið á súlu í vagninum. Við það hafi hún vankast og tvær framtennur brotnað. Í beinu framhaldi hafi hún reynt að fara út úr vagninum og þá fallið við og dottið út úr vagninum. Hún hafi borið fyrir sig hendur og lent á hnjánum. Við það hafi hún fengið áverka á hné, höndum, baki og öxlum. Stjórnandi vagnsins hafi hins vegar ekið í burtu frá slyssað og M legið eftir í jörðinni.

Daginn eftir hafi M leitað til tannlæknis vegna tannbrota og fjórum dögum síðar hafi hún leitað á bráðadeild vegna þeirra áverka sem hún hlaut. Í meðferðarseðli bráðadeildar, dags. 24. september 2018, segir að M hafi dottið í strætó fjórum dögum áður, fengið slink á bakið og högg á hægri öxl. Með tölvubréfi 25. mars 2019 var af hálfu M reynt að afla upplýsinga hjá A um númer strætisvagnsins sem kunnir að eiga hlut að máli og hvort til væri upptökur úr ferð vagnsins. Ekki liggur fyrir í málinu að af hálfu A hafi verið brugðist við þessu erindi.

M hefur krafist viðurkenningar á bótaskyldu V vegna þeirra meiðsla sem hún hlaut við umrætt atvik. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sem í gildi voru þegar þau atvik eiga að hafa gerst sem mál þetta snýst um, skyldi sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjon sem hlýst af notkun þess enda þótt tjonnið yrði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætnei ökumanns. Gögn um atvik það sem M kveður að hafi gerst í strætisvagni 20. september 2018 eru mjög takmörkuð. Ekki liggur fyrir hvaða strætisvagn það var sem M var farþegi í þegar hún kveðst hafa orðið fyrir slysinu. Ekki verður séð að tekist hafi að hafa upp á stjórnanda vagnsins og því ekki vitað hvort hann hafi orðið þess var þegar M á að hafa dottið á súlu í vagninum eða þegar hún hafi fallið út úr vagninum. Verður að telja ósannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að hann hafi ekið á brott frá biðstöðinni meðvitaður um að M hafi orðið fyrir meiðslum í vagninum og án þess að huga að meiðslum hennar. Engum vitnum er heldur til að dreifa sem borið geta um málsatvik. Þótt telja verði ljóst af fyrirliggjandi gögnum að M hafi leitað til tannlæknis 21. september 2018 vegna tannbrota og leitað á bráðadeild þremur dögum síðar vegna áverka sem hún rakti til falls í strætisvagni verður engu að síður að telja ósannað að meiðsl þessi hafi hlotist af notkun strætisvagns í eigu A í skilningi 1. mgr. 88. gr. laga nr. 50/1987. Af því leiðir að hún á ekki rétt á bótum hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum hjá V.

Reykjavík, 11. nóvember 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögsm.

Jóhann Tómas Sigurðsson lögsm.